

114

24. des.

Ríkisstjórnin setur reglur um framkvæmd laga þessara. Má í þeim reglum m. a. ákveða mismunandi gjald af leyfum fyrir ýmsum tegundum bifreiða innan þeirra marka, er greinir í 1. gr., og einnig, að bifreiðar til ákveðinna nota séu gjaldfrjálsar.

8. gr.

9. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört að Bessastöðum, 24. desember 1954.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Ólafur Thors.

115

28. des.

L Ö G

um breyting á framfærslulögum, nr. 80 5. júní 1947.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Fremst í 48. gr. framfærslulaga, nr. 80 5. júní 1947, kemur ný málsg.::

Nú veldur maður með óreglu sinni og hirðuleysi um meðferð fjármuna hættu á því, að þeir, sem honum er skylt að framfæra, verði að leita aðstoðar um framfærslu eða liði nauð, og skal sveitarstjórn eða lögreglustjóri, sem til er leitað, þá leggja fyrir vinnuveitanda hans eða kaupgreiðanda að halda eftir tilteknum hluta af kaupi hans. Sá hluti, sem haldið er eftir, má nema allt að $\frac{3}{4}$ hlutum kaupsins, að frádregnum opinberum gjöldum. Sveitarstjórn eða lögreglustjóri ákveður jafnframt, hver skuli taka við kaupinu, og er þá óheimilt að greiða það öðrum.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört að Bessastöðum, 28. desember 1954.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Steingrímur Steinþórsson.